



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016-2017 01.04. 2017 9. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er marsmánuður að baki og ekki er nú verra að sjá sólina hækka stöðugt á lofti. Í mánuðinum var mikið um að vera hjá okkur eins og endranær og má þar nefna vel heppnaðan úti-vistardag þar sem veðrið lék við okkur og við náðum að sigra Akureyrarriðilinn í Skólahreysti fimmta árið í röð. Við eignuðumst líka vinningshafa í myndasamkeppni Mjólkur-samsölunnar en það er 4. bekkur sem tekur þátt í þeirri keppni. Axel Máni átti eina af þeim 10 myndum sem fengu viðurkenningu. Í keppnina bárust 1.300 myndir. Árgangurinn fékk einnig 40.000 krónur í verðlaunafé en það á að nota fyrir hópinn til að gera sér dagamun.

Að þessu sinni innheldur aprilmánuður fáa skóladaga. Eftir þessa viku halda nemendur í páskaleyfi og koma aftur í skólann samkvæmt stundaskrá þann 18. apríl. Í þeirri viku er svo sumardagurinn fyrsti og þá er frí í skólanum. Það er því óhætt að segja að nú sé langt liðið á þetta skólaár.

Á mánudaginn lagði 6. bekkurinn okkar land undir fót og hélt til Danmerkur til að hitta jafnaldra sína þar. Hópurinn mun dvelja þar þessa vikuna. Í næsta mánuði munu svo Danirnir heimsækja okkur og vera hér í skólanum með okkur í viku.

Nú erum við farin að huga að næsta skólaári og er búið að ganga frá skóladagatali næsta skólaárs. Skólaráð er búið að samþykkja það og síðan þarf fræðsluráð að leggja blessun sína yfir það. Við erum einnig farin að huga að niurröðun kennara á bekki. Eins og staðan er í dag telur væntanlegur 1. bekkur 42 nemendur en svipaður nemendafjöldi verður í skólanum næsta vetur eins og verið hefur á þessu skólaári, um 400 nemendur.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga

Apríl er tileinkaður

Vinátta

Regla mánaðarins er

„Við hjálpumst að og erum góð hvert við annað“

Þann 26. apríl n.k. mun hið frækna vinningslið Síðuskóla í Skólahreysti leggja land undir fót og halda til Reykjavíkur. Liðið tekur þátt í úrslitakeppninni sem fer fram í Laugardalshöllinni þar sem 12 lið keppa í beinni útsendingu á RUV.

Við óskum krökkunum allra heilla. **ÁFRAM SÍÐUSKÓLI !**

Á döfinni í apríl:

- | | | |
|-----|-------|---------------------------------------|
| 3. | apríl | Nemendur í 6. bekk fara til Danmerkur |
| 7. | apríl | Páskafrí nemenda hefst |
| 18. | apríl | Skóli hefst á ný eftir páskafrí |
| 20. | apríl | Sumardagurinn fyrsti |
| 26. | apríl | Úrslitakeppni Skólahreysti Reykjavík |



Miðvikudaginn 29. mars sl. var keppt í Skólahreysti í Íþróttahöllinni á Akureyri. Síðuskóli átti titil að verja en skólinn hefur sigrað Akureyrarriðilinn síðustu fjögur ár. Skemmst er frá því segja Síðuskóli vann Akureyrarriðilinn með 44 stig sem er glæsilegur árangur. Keppendur voru þau Guðni, Eygló, Hulda Karen, Ragúel, Embla og Unnar. Óskum þessum flottu fulltrúum skólans innilega til hamingju. Myndirnar hér að neða sýna vel stemmninguna sem var í Íþróttahöllinni er undankeppnini fór fram.



Ágætu foreldrar og forráðamenn

Nú er daginn tekið að lengja og þá vex umferð barna í umferðinni, bæði við leik og á leið til og frá skóla. Því er við hæfi að rifja upp nokkur atriði varðandi umferðaröryggi sem gott er að hafa í huga. Umferðarfræðsla í grunnskólum ber mestan árangur þar sem gott samstarf við heimili nemenda næst. Hlutverk heimilanna í umferðarfræðslu og forvörnum er mikilvægt því þar er mótunin sterkust.

Við hvetjum ykkur til að nýta góða veðrið og ganga eða hjóla í skólann með börnunum ykkar svo fækka megi bílum sem aka að skólanum á morgnana. Að vera börnum sínum góð fyrirmynd í umferðinni er öflugasta fræðslan ásamt því að kenna þeim um lög og reglur sem eru í gildi.

Núna fara fleiri nemendur að koma á reiðhjólum í skólann. Gæta þarf að því að öryggisbúnaður þeirra sé í lagi sem og notkun reiðhjólahljálma. Á þessari síðu er hægt að skoða fræðslumyndbönd um hjólreiðar <http://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/reidhjol/> og í þessum ágæta bæklingi er m.a. hægt að fræðast um atriði sem hafa ber í huga varðandi hjólreiðahljálma <https://www.landsbjorg.is/assets/myndir/umferd/us-hjalmar%20baeklingur%20lok%202006.pdf>.

Á náms- og fræðsluvefnum www.umferd.is er svæði ætlað foreldrum/forráðamönnum. Hugmyndin er að leita eftir samstarfi við foreldra um leiðir sem þeir telja að komi sér vel í umferðarfræðslunni. Við þiggjum með þökkum allar hugmyndir og ábendingar frá ykkur. Hægt er að senda þær á netfangið hildur.karen.adalsteinsdottir@grundaskoli.is eða hafa samband við Hildi Karen í síma 8675602.

Athygli er vakin á að:

- ⇒ samkvæmt 40. gr. umferðarlaga mega börn yngri en 7 ára ekki vera hjólandi í umferðinni nema í fylgd með 15 ára og eldri.
- ⇒ eigi má reiða farþega á reiðhjóli eða rafvespu. Þó má vanur reiðhjólamaður sem náð hefur 15 ára aldri reiða barn yngra en 7 ára en ber þó að nota viðeigandi öryggissæti og búnað.
- ⇒ best er að nota hjálm, það er eina vitið. Börnum yngri en 15 ára er skylt að nota reiðhjólahljálma og viðeigandi hlífðarbúnað þegar þau ferðast um á reiðhjólum, rafvespum, hjólabrettum og línuskautum.



100 miða leikur

Í síðustu viku var tilkynnt um hvaða lína í 100 töflunni var dreginn út í 100 miða leiknum. Síðustu tvær vikur þar á undan höfðu starfsmenn afhent nemendum sem fara að reglum skólans sérstaka hrósmiða, eða svokallaða 100 miða. Þeim var svo raðað upp á töflu með tölunum 1-100 og síðan ein lóðrétt lína dregin út. Í þetta sinn voru það þeir nemendur sem höfu sett miðann á tölu sem endar á 0 sem dattu í lukkupottinn. Í viðurkenningaskyni fóru þeir í kynningu á bogfimi í Bogfimisetrinu og komu svo við í Ak-inn á leiðinni heim þar sem skólinn bauð upp á ís. Tveir af stjórnendum skólans fóru með og var þessi ferð alla staði vel heppnuð og skemmtileg. Hér má sjá myndir frá 100 miða hátíðinni, frá því þegar úrslitin voru tilkynnt og úr ferðinni í Bogfimisetrið.



Vinningshafi í teiknisamkeppni MS

Eins og fram kom í erindi skólastjóra hér að framan var mynd Axels Mána Allen ein af 10 verðlaunamyndum sem valin var úr hópi rúmlega 1300 mynda í árlegri teiknisamkeppni MS. Mjólkursamsalan heldur þessa teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóða skólamjólkurdaginn sem haldinn er í september á ári hverju. Markmiðið með keppninni er að vekja athygli á mikilvægi og hollustu mjólkur. Þegar úrslit voru kynnt í 100 miða leiknum voru úrslitin í teiknisamkeppninni einnig kynnt, og á myndinni má sjá Axel Mána taka við blómum frá Ólöfu skólastjóra. Til hamingju Axel!



Fyrir skömmu fékk skólinn gefins 100 endurskinsvesti. Það var FOKS, foreldra- og kennarafélag Síðuskóla sem leitaði til tryggingafélagsins Sjóvár, sem gaf skólanum vestin. Þessi vesti koma að góðum notum, t.d. þegar farið er í vettvangsferðir og í útikennslu. Við þökkum fyrir þessa góðu gjöf. Á myndinni má sjá 1. og 2. bekk skólans í nýju vestunum.



MATSEÐILL - apríl 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, grænmeti, ávextir	4. Kjötbollur, kartöflur, gr. baunir, sósa	5. Soðin ýsa, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	6. Pylsupasta, salatbar VAL NEMENDA	7. Krebinettur, kartöflur, rauðkál, gr. baunir, st. laukur
10. Páskafri - Frístund opin	11. Páskafri - Frístund opin	12. Páskafri - Frístund opin	13. Skírdagur	14. Föstudagurinn langi
17.	18. Grillaður lax, kartöflur, ferskt grænmeti, jógúrt- sósa, ávextir	19. Nautasneiðar, gratineraðar kartöflur, sveppir, laukur, sósa	20. Sumardagurinn fyrsti	21. Súpa, brauð, ávextir
24. Fiskibollur, kartöflur, st. laukur, grænmeti, sósa, ávextir	25. Kjötsúpa	26. Pönnukökur m/ kjúklingi, salsa- sósu	27. Soðinn fiskur, kartöflur, salatbar	28. Gullas m/ kartöflumús